

Fundur í Delta deild, fimmtudaginn 19. mars 2009 í Brekkubæjarskóla.
Fundurinn hófst kl. 17.30

Arnbjörg Stefánsdóttir skólastjóri í Brekkubæjarskóla tók á móti fundarkonum og komum við okkur fyrir á kennarastofunni. Boðið var upp á kaffisopa meðan konur voru að tínast á fundarstaðstað.

Ingibjörg Adda formaður setti fundinn og kveikti á kertunum. Hún flutti kveðjur frá fjarstöddum félögum. Að því loknu var lesin upp fundargerð síðasta fundar.

Gestur fundarins var Anna Lára Steindal, en hún er verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum á Akranesi. Hún sagði okkur frá því mikla verkefni sem Akranesdeildinni var falið, en það var móttaka palestínskra flóttakvenna og barna þeirra frá Írak. 29 flóttamenn, átta konur og 21 barn komu til landsins 8. september 2008 og settust að á Akranesi.

Anna Lára fjallaði m.a. um hlutverk stuðningsfjölskyldan í þessu viðamikla verkefni, sem hefur tekist mjög vel. Mjög fróðlegt erindi og greinilega að mörgu að hyggja þegar samfélag tekur að sér svona verkefni. Gaman verður að fylgjast með þessum ágætu nýbúum í framtíðinni.

Jensína færði Önnu Láru rós, sem þakklætisvott frá deildinni fyrir fróðlegt erindi.

Að loknu erindi voru umræður og gat Arnbjörg skólastjóri frætt okkur um ýmislegt varandi skólagöngu barnanna, en Brekkubæjarskóli hefur séð um kennslu barnanna á grunnskólaaldri.

Orð til umhugsunar flutti Dagný Emilsdóttir. Hún fjallaði meðal annars um það hve góð vinátta er dýrmæt. Hve gott samferðafólk er dýrmætt. Dagný flutti okkur hugleiðingar um starf sitt og eiginmanns hennar í Reykholti, en Dagný er móttökustjóri Snorrastofu og prestfrú.

Að lokum var happdrættið okkar og sú heppna í þetta sinnið var Gyða Bergþórsdóttir.

Fundið slitið um kl 19.30 og á borð borinn þessi líka indælis matur. Kjúklingur í Tortillakökum, með grjónum, og grænmeti. Ekki frá því að eitthvað arabískt krydd hafi verið notað. Það var kokkurinn í Brekkubæjarskóla sem sá um matseldina. Hafi hann þökk fyrir. Kaffi og konfekt á eftir.

Fundarritari Halldóra Jónsdóttir